

3.6

Fráveita

Í skýrslu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (2010) kemur fram að árið 2002 var hreinsistöðin í Klettagörðum tekin í notkun og voru þá 83% íbúa í borginni tengdir við skólphreinsistöðvar en fyrir var hreinsistöðin í Ánanaustum sem opnuð var 1998. Árið 2005 var tekin í notkun dælustöð fyrir skólp í Gufunesi og við það tengdist fráveita frá Grafarvogi og Grafarholti við hreinsistöðina í Klettagörðum. Þar með urðu 99,5% íbúa Reykjavíkur tengd við fráveitukerfi með hreinsistöð. Til stendur að opna þriðju hreinsistöðina fyrir Grundarhverfi á Kjalarnesi á næstu árum. Með opnun þeirrar stöðvar mun síðasta íbúðarhverfi Reykjavíkur tengjast fráveitu með hreinsistöð. Báðar hreinsistöðvarnar eru með eins þreps hreinsun og með útrás sem endar um 4 - 5 km fjarlægð frá landi.

Tafla 3.17 Losun mengunarefna (kg/ári) frá hreinsistöðvum í Reykjavík 2011. Efnin eru yfir viðmiðunarmörkum.

Mengunarefni	Klettagarðar	Ánanaust	Samtals
Heildarköfnunarefni	493.807	593.576	1.087.383
Heildarfosfór (P)	50.948	91.601	142.549
Arsen (AS)	59	70	129
Kadmium (Cd)	43	7	50
Krómi (Cr)	196	183	379
Kopar (Cu)	196	231	427
Kvikasilfur (Hg)	2	2	4
Nikkel (Ni)	104	198	302
Blý (Pb)	55	51	106
Sink (Zn)	1.528	2.290	3.818

Heimild: Orkuveita Reykjavíkur (2011)

Í skýrslu Heilbrigðiseftirlitsins (2010) kemur fram að undanfarna tvo til þrjá áratugi hafa verið gerðar miklar úrbætur í frárennslismálum á höfuðborgarsvæðinu. Gerlamengun við strendur Reykjavíkur hefur í kjölfar þessara úrbóta minnkað verulega og ástandið er almennt gott. Ennþá eru þó mögulegar uppsprettur mengunar til staðar á einstaka stað og er unnið að úrbótum í samvinnu við Orkuveitu Reykjavíkur.

Við hönnun fráveitukerfisins var farið út í umfangsmiklar rannsóknir á viðtakanum sem sýndu að fyrir hendi væru hagstæðir sjávarstraumar og kjöraðstæður til að láta náttúruna þynna, brjóta niður og eyða efnum sem hreinsuðust ekki úr frárennslisvatninu og bærust með því til hafs. Lífríki var kannað, gerðar straumrannsóknir, bergmálmælingar á hafsbotni og setflutningar skoðaðir. Viðtakinn var á grundvelli niðurstaðna skilgreindur sem síður viðkvæmur af Umhverfisstofnun.

Umhverfisáhrif

Vöktun strandsjávar er eitt af mikilvægum umhverfismálum borgar sem stendur við sjó. Mannvist hefur áhrif á ströndina ekki síst vegna frárennslis sem getur bæði verið skólp og yfirborðsvatn. Mengunin getur verið margvísleg, t.d. lífræn mengun vegna saurgerla og ofgnóttar næringarefna en einnig vegna snefilefna eins og þungmálma frá iðnaði (Reykjavíkurborg, 2002-2006).

Helstu mögulegar uppsprettur mengunar í strandsjó í Reykjavík eru af völdum yfirfalla dælustöðva, rangra tenginga skólplagna, losun skólps frá skipum og bátum og af náttúrulegum uppruna t.d. vegna fugla og dýra.